



Námsvísir í Hönnun og smíði í 5.bekk

Kennari:	Sigurður Þór Hlynsson
Tíma fjöldi	80 mínútur á viku, hálf t skólaár
Grunnpættir menntunar	Sköpun; Smíðavinna felur í sér ígrundun, gagnrýna hugsun og sjálfsmat. Nemendur leita lausna á vandamálum og hanna eigin gripi. Læsi; Nemendur lesa verklýsingar og æfa þannig lesskilning og byggja upp orðaforða og þekkingu á hugtökum. Jafnrétti; Umburðarlyndi gagnvart öðrum og mögulegum vinnuhljóðum/umgangi. Heilbrigði og velferð; Stundum er unnið utandyra. Samvinna, virðing fyrir öðrum og vinnu þeirra, sem og öryggi á vinnusvæði eru mikilvæg. Lýðræði og mannréttindi; Nemendur sýna hver öðrum virðingu, taka ábyrgð á eigin vinnu og umgengni. Valverkefni bjóða upp á frjálsa vinnu. Sjálfbærni; Útikennsla inniheldur umhverfismennt. Rætt er um virðingu fyrir auðlindum, nýtni, endurnýtingu og endurvinnslu.
Lykilhæfni úr námskrá	Tjáning og miðlun Við lok skólaárs getur nemandi; unnið listrænt verkefni þar sem form og innihald tjá hugmynd eða upplifun; veitt athygli því þegar kennari talar, tekið þátt með því að spyrja spurninga og svara þeim út frá umræðuefninu Skapandi og gagnrýnin hugsun Við lok skólaárs getur nemandi; nýtt og ræktað styrkleika sína gegnum skapandi verkefnavinnu; komið auga á sameiginlega þætti ólíkra námsgreina; nýtt hugmyndaflug sitt til nýsköpunar; útskýrt eigin hugmynd og rökstutt af hverju hún gæti verið gagnleg; tekið endurgjöf frá kennara og starfsfólki og nýtt að einhverju leyti til framfara; greint aðalatriði frá aukaatriðum Sjálfstæði og samvinna Við lok skólaárs getur nemandi; unnið sjálfstætt eftir leiðsögn frá kennara og reynt að finna lausn áður en hann biður um aðstoð; sýnt hugmyndaauðgi við lausn verkefna; unnið ólík verkefni í samvinnu með öðrum; sýnt samvinnu með því að aðstoða hópmeðlimi; gert sér grein fyrir til hvers er ætlast af honum í námi og hagað sér í samræmi við það; borið ábyrgð á eigin framkomu, sýnt jafningjum tillitssemi og þannig verið þátttakandi í góðum skólabrag; fundið styrkleikum sínum farveg við val á námsleiðum í einstaklingsverkefnum og í samvinnu; gert breytingar á verkefni í samræmi við endurgjöf kennara; sýnt jákvætt viðhorf til endurgjafar Ábyrgð og mat á eigin námi Við lok skólaárs getur nemandi; greint frá styrkleikum sínum og tengt við nám sitt; sýnt þrautseigju og gefst ekki upp þegar hann mætir áskorun; skilið muninn á fastmótuðu hugarfari og hugarfari vaxtar; metið með stuðningi af kvarða hvort markmiðum hafi verið náð; nýtt viðmið um árangur til leiðsagnar í verkefnavinnu og til að meta eigin frammistöðu



Kennsluaðferðir	Sýnikennsla, samvinnunám, verkefnavinna.
Hæfniviðmið úr námskrá	Nemandi: • þekkir algengustu mælitæki og verkfæri í trésmíði, getur beitt þeim rétt og útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra, • þekkir almenn smíðaeefni og getur lýst mismunandi eiginleikum þeirra, s.s. ferskum við, gegnheilu og unnu timbri, endurnýttu efni og málmum • getur rætt og notað ólíkar aðferðir til festinga • beitir líkamanum rétt við vinnu sína, velur og notar réttan hlífðarbúnað, sýnir örugga og góða umgengni á vinnusvæði • getur teiknað einfalda mynd til að útskýra hugmyndir sínar um lokaútlit hlutar • getur, með eða án aðstoðar, gert lauslega verkáætlun og unnið verk eftir eigin teikningu • hefur tekið þátt í að bæta umhverfi skólans / aðstöðu nemenda • hefur sótt efnivið út í náttúruna • sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með og getur metið hvort afgangar af efnivið sem hann notar séu nýtilegir eða ekki
Námsmat	Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf meðan unnið er. Gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og markmiðum fyrir hvern nemanda.  Framúrskarandi  Hæfni náð  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð

Kennsluáætlunin er lifandi skjal og getur tekið breytingum á skólaárinu.

Tímabil	Námsþáttur og námsefni	Hæfniviðmið
Vikur 1 - 7 / 4 - 10	Búið til snagabretti til að festa á vegg. Skreyting fyrir veggplötuna unnin í textílmennt. Öruggr meðferð verkfæra, umgengni á vinnusvæði, líkamsbeiting, hönnun nytjahluta, verklýsingar, tálgun, samsetningar.	• þekkir algengustu mælitæki og verkfæri í trésmíði, getur beitt þeim rétt og útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra, • þekkir almenn smíðaeefni og getur lýst mismunandi eiginleikum þeirra • getur rætt og notað ólíkar aðferðir til festinga • beitir líkamanum rétt við vinnu sína,



		• velur og notar réttan hlífðarbúnað, • sýnir örugga og góða umgengni á vinnusvæði
vikur 8 - 11 / 11 - 16	Sagaður og tálgaður fugl á standi/grein. Örugg meðferð verkfæra, val á verkfærum, umgengni á vinnusvæði, líkamsbeiting, viðartegundir (birki), tálgun - læst hnífsbragð, samsetningar, mæling á þvermáli - val á bor.	• hefur sótt efnivið út í náttúruna • getur rætt og notað ólíkar aðferðir til festinga • beitir líkamanum rétt við vinnu sína, • velur og notar réttan hlífðarbúnað, • sýnir örugga og góða umgengni á vinnusvæði • getur teiknað einfalda mynd til að útskýra hugmyndir sínar um lokaútlit hlutar • getur, með eða án aðstoðar, gert lauslega verkáætlun og unnið verk eftir eigin teikningu
Vikur 12 - 16 / 1-3	Nýsköpun - lausnaleit. Örugg meðferð verkfæra, umgengni á vinnusvæði, sköpun, efnisval og -nýting, mat á eigin vinnu Niðurstaða: Bætt aðstaða nemenda - Búin til tímaritabox sem notuð verða í bekkjarstofu út 7.bekk. Hver nemandi ræður útliti á eigin boxi og þar með hversu krefjandi verkefnið er.	• getur, með eða án aðstoðar, gert lauslega verkáætlun og unnið verk eftir eigin teikningu • hefur tekið þátt í að bæta umhverfi skólans / aðstöðu nemenda • sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með og getur metið hvort afgangar af efnivið sem hann notar séu nýtilegir eða ekki